

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjóttjóns skal hafa íslenskan ríkisborgararétt, fasta búsetu hér í landinu, vera fullra 25 ára, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal hafa tekið embættispróf í lögum við Háskóla Íslands.
3. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti og sjóvátryggingarrétti við erlendan háskóla eigi skemur en eitt ár.
4. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi starfað að niðurjöfnun sjóttjóns hjá innlendum eða erlendum löggiltum niðurjöfnunarmanni sjóttjóns eigi skemur en í eitt ár.
5. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega þessu starfi, svo sem skipamiðlun, eða veita forstöðu skipa- eða vátryggingarfélögum.

3. gr.

Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjóttjóns skal undirrita drengskaparheit um að vinna verk sitt eftir beztu vitund og þekkingu, og yfirleitt inna skyldur sínar sem niðurjöfnunarmaður sjóttjóns samvirkusamlega af hendi.

4. gr.

Niðurjöfnun löggilts niðurjöfnunarmanns jafngildir niðurjöfnun þeirra tveggja dómkvaddra manna, er getur í 8. kap. siglingalaganna.

Löggiltum niðurjöfnunarmanni sjóttjóns er heimilt að gefa upplýsingar til afnota í dómsmálum um niðurjöfnun sjóttjóns og um önnur atriði, sem falla undir starfsvið hans. Fer um sönnunargildi þessara yfirlýsinga sem um skýrslur opinberra embættismanna.

5. gr.

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjóttjóns skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem opinberir sýslunarmenn.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur tiltekið nánar í reglugerð um verksvið, störf og þóknun niðurjöfnunarmanna sjóttjóns.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér á landi hafa engin lög verið til um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns (dispachörer), og niðurjöfnun sjóttjóns hafa hingað til aðallega annast erlendir „dispachórar“. Að vísu hafa menn hér fengið við niðurjöfnun sjóttjóns, en það hefir ekki verið nema að tiltölulega litlu leyti, þar sem löggilding er yfirleitt skilyrði þess, að þau vátryggingarfélög erlendis, sem endurbyggja tryggingar héðan, viðurkenni menn færa til að sjá um niðurjöfnun sjóttjóns. Hefir að mörgu leyti verið mjög bagalegt, að þessu skuli þannig hafa verið háttað. Úr þessum vandkvæðum er þessum lögum ætlað að bæta. Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns hafa fyrir löngu verið sett annarsstaðar á Norðurlöndum, og er höfð hliðsjón af þeim við samningu þessara laga.

Fylgiskjal.

SJÓVÁTRYGGINGARFÉLAG ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 11. apríl 1938.

Hér á landi hefir hingað til vantað tilfinnanlega löggilta menn til þess að framkvæma niðurjöfnun sjótjóna. Til þess að framkvæma slíka niðurjöfnun, svo bindandi sé fyrir alla aðilja, hefir því annaðhvort orðið að leita til útlendra manna eða að fá útnefnda menn í hverju einstöku tilfelli, en á því er sá annmarki, að hörgull hefir verið á mönnum, sem eru því vaxnir að taka slíkt starf að sér.

Vér mundum því telja það mikla bót, ef lög væru sett um löggildingu íslenzkra niðurjöfnunarmanna.

Virðingarfyllst,

Sjóváttryggingarfélag Íslands h.f.

Brynj. Stefánsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar.